

REGLUGERÐ**92**

21. júlí

fyrir veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar hestamannafélagsins Neisti í Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í: 2 kr., 5 kr., 10 kr. og 25 kr., sem greiðast veðmálstofunni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um hver hestur verði hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum hvers hlaups skal skipta þannig:

- a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, sem veðjað hefur verið á þann hest, er vinnur.
- b. Afganginum (20%) skal varið til reksturs kappreiðanna, viðhalds og umbóta á skeiðvelli félagsins og til reiðvega Austur-Húnavetninga. Tillagið til reiðvegarsins má aldrei vera minna en 10% af hagnaði félagsins af veðmálastarfseminni.

4. gr.

Að loknu hverju hlaupi skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst, og vinningar útborgaðir þegar í stað gegn framvísun veðmiða.

5. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd af veðfé, lögðu á hest, sem hleypur upp eða fer ekki af stað, eða af öðrum ástæðum kemur ekki til greina samkvæmt kappreglum félagsins.

6. gr.

Ef hlaup verður ógilt í heild, endurgreiðist veðfé að frádregnum 20%.

7. gr.

Vinningar útborgist aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgst að innskot fáiast að fullu aftur.

8. gr.

Þeir, sem veðja, eru í einu og öllu háðir kappreiðareglum félagsins og úrskurðum dómnefndar, t. d. missir hestur rétt til verðlauna, er knapi er dæmdur úr leik o. s. frv.

9. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klst. eftir síðasta hlaup og því aðeins að þeir séu með læsilegum tölum.

10. gr.

Ungmenni innan 18 ára fá ekki að veðja.

11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 24. júlí 1948 og gildir til 5 ára.

92 Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 23/1945 og birtist hér með til eftir-
21. júlí breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 21. júlí 1948.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

93 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Björns Hallssonar á
26. júlí Rangá, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 26. júlí 1948.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Björns Hallssonar á Rangá.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður á 70 ára afmæli stofnanda sjóðsins, 21. nóv. 1945, með
gjöfum frá sveitungum hans og öðrum kunningjum og vinum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 4768.65 í árslok 1947.

3. gr.

Sjóðurinn er eign Tunguhrepps í Norður-Múlasýslu og skal hagnýta hann á
þann hátt, sem skipulagsskrá þessi ákveður.

4. gr.

Sveitarstjórn Tunguhrepps hefur á hendi umsjón og stjórn sjóðsins, reiknings-
hald og bókfærslu og gerir grein fyrir honum, bæði gagnvart hreppsbúum og öðr-
um aðilum samkvæmt lögum.

5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands eða annarri láns-
stofnun, er ríkið hefur ábyrgð á. Vextir sjóðsins leggjast við höfuðstólinn, unz þeir
eru orðnir kr. 500.00 á ári. Þá falla til útborgunar $\frac{3}{4}$ hlutar vaxtanna, en $\frac{1}{4}$ hluti
þeirra leggst við höfuðstólinn, en hann má aldrei skerða.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- Að verðlauna þá búendur, sem skara fram úr í ræktun búpenings og góðri með-
ferð hans.
- Að verðlauna þá húsráðendur, sem skara fram úr í búnaði og snyrtilegri um-
gengni heimila. Að öðru jöfnu sitji efnaminni búendur fyrir.
- Að verðlauna eða styrkja þá, sem koma upp vönduðum trjáreitum við býli sin.

7. gr.

Þriggja manna nefnd hefur á hendi úthlutun verðlauna og styrkja úr sjóðnum.
Nefndin skal kosin í fyrsta sinn á almennum hreppsfundi það ár, sem fyrst kemur
til úthlutunar úr sjóðnum. Skulu 2 þeirra kosnir af hreppsbúum, en hreppsnefnd
kýs einn mann úr sínum hóp, og er hann formaður nefndarinnar. Kosningin fylgir
jafnan hreppsnefndarkosningum.